2024

# GAGNAMÓDEL

## ÁRSREIKNINGAR LÍFEYRISSJÓÐA

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# GAGNAMÓDEL

Ársreikningar lífeyrissjóða

Útgáfa 1.4

Febrúar 2024

# Efnisyfirlit


Inngangur 7

Ársreikningur lífeyrissjóðs 7

1 Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 8

1 Iðgjöld, 8. gr. reglnanna 8

1.1 Iðgjöld sjóðfélaga 8

1.2 Iðgjöld launagreiðenda 8

1.3 Réttindaflutningur og endurgreiðslur 8

1.4 Sérstök aukaframlög 8

2 Lífeyrir, 9. gr. reglnanna 8

2.1 Heildarfjárhæð lífeyris 8

2.2 Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs 8

2.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris 8

2.4 Tryggingarkostnaður 8

2.5 Eftirlaun frá Tryggingastofnun 9

2.6 Útgreiðsla séreignarsparnaðar inná lán 9

3 Hreinar fjárfestingartekjur, 10.gr. reglnanna 9

3.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum 9

3.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum 9

3.3 Hreinar tekjur af afleiðusamningum 9

3.4 Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum 9

3.5 Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði 9

3.6 Aðrar fjárfestingartekjur 9

3.6.1 Vaxtatekjur af handbæru fé 10

3.6.2 Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum 10

3.6.3 Ýmsar fjárfestingartekjur 10

3.7 Fjárfestingargjöld 10

4 Rekstrarkostnaður, 11. gr. reglnanna 10

4.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 10

5 Aðrar tekjur, 12. gr. reglnanna 10

5.1 Aðrar tekjur 10

6 Önnur gjöld, 13. gr. reglnanna 10

6.1 Önnur gjöld 10

2 Efnahagsreikningur 11

1 Fjárfestingar 14. gr. reglnanna 11

1.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum 11

1.2 Skuldabréf 11

1.3 Afleiðusamningar 11

1.4 Bundnar bankainnstæður 11

1.5 Fjárfesting í íbúðarhúsnæði 11

1.6 Aðrar fjárfestingar 11

2 Kröfur, 15. gr. reglnanna 11
2.1 Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. 11
2.2 Kröfur á launagreiðendur 11
2.3 Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur 11
2.4 Aðrar kröfur 12
3 Ýmsar eignir, 16. gr. reglnanna 12
3.1 Óefnislegar eignir 12
3.2 Varanlegir rekstrarfjármunir 12
3.3 Aðrar eignir 12
4 Handbært fé, 17. gr. reglnanna 12
5 Skuldir, 18.gr. reglnanna 12
5.1 Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélög 12
5.2 Skuldir við lánastofnanir 12
5.3 Afleiðuskuldir 12
5.4 Ógreiddur gjaldfallinn lífeyrir 12
5.5 Áfallin kostnaður og fyrirframgreiddar tekjur 12
5.6 Aðrar skuldir 12
6 Skuldbindingar utan efnahags, 19. gr. reglnanna 12
3 Sjóðstreymi 13
1 Inngreiðslur, 21. gr. reglnanna 13
1.1 Igjöld 13
1.2 Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum 13
1.3 Aðrar inngreiðslur 13
2 Útgreiðslur, 22. gr. reglnanna 13
2.1 Lífeyrir 13
2.2 Rekstrarkostnaður 13
2.3 Fjárfesting í rekstrarfjármunum 13
2.4 Aðrar útgreiðslur 13
3 Fjárfestingarhreyfingar, 23. gr. reglnanna 13
3.1 Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum 13
3.2 Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum 14
3.3 Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum 14
3.4 Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa 14
3.5 Keypt skuldabréf 14
3.6 Seld skuldabréf 14
3.7 Uppgjör afleiðusamninga 14
3.8 Ný bundin innlán 14
3.9 Endurgreidd bundin innlán 14
3.10 Keypt íbúðarhúsnæði 14
3.11 Selt íbúðarhúsnæði 14
3.12 Innborgaðar tekjur vegna reksturs íbúðarhúsnæðis 14
3.13 Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis 14
3.14 Keyptar aðrar fjárfestingar 15
3.15 Seldar aðrar fjárfestingar 15

## 4 Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 16

1 Eignir 16
1.1 Áfallin staða 16
1.2 Hrein eign til greiðslu lífeyris 16
1.3 Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa 16
1.4 Núvirði framtíðariðgjalda 16

2 Skuldbindingar 16
2.1 Ellilífeyrir 16
2.2 Örorkulífeyrir 16
2.3 Makalífeyrir 16
2.4 Barnalífeyrir 16
2.5 Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar 16
2.6 Eignir umfram skuldbindingar 16
2.7 Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok 17
2.8 Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun 17

3 Eignir 17
3.1 Framtíðarskuldbinding 17
3.2 Hrein eign til greiðslu lífeyris 17
3.3 Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa 17
3.4 Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar 17
3.5 Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar 17
3.6 Núvirði framtíðariðgjalda 17

4 Skuldbindingar 17
4.1 Ellilífeyrir 17
4.2 Örorkulífeyrir 17
4.3 Makalífeyrir 17
4.4 Barnalífeyrir 17
4.5 Eignir umfram skuldbindingar 17
4.6 Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok 17
4.7 Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun 18
4.8 Heildarstaða 18

## 5 Kennitölur, 49 gr. reglnanna 19

1 Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar 19
1.1 Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingar. 19
1.2 Hlutfall hreinnar eignar umfram áfallnar skuldbindingar. 19

2 Hrein raunávöxtun 19
3 Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára 19
4 Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára 19
5 Hlutfallsleg skipting fjárfestinga 19
5.1 Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum (%) 19
5.2 Skráð skuldabréf (%) 19
5.3 Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum (%) 19
5.4 Óskráð skuldabréf (%) 20
5.5 Afleiðusamningar (%) 20

5.6 Bundnar bankainnstæður (%) 20
5.7 Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði (%) 20
5.8 Aðrar fjárfestingar 20

6 Eignir 20
6.1 Eignir í íslenskum krónum (%) 20
6.2 Eignir í erlendum gjaldmiðlum (%) 20

7 Fjöldi virkra sjóðfélaga 20
8 Fjöldi sjóðfélaga í árslok 20
9 Fjöldi lífeyrisþega 20
10 Lífeyrir 20
10.1 Ellilífeyrir (%) 20
10.2 Örorkulífeyrir (%) 20
10.3 Makalífeyrir (%) 20
10.4 Barnalífeyrir (%) 21

11 Stöðugildi 21
12 Iðgjöld alls (á föstu verðlagi) 21
13 Lífeyrir alls (á föstu verðlagi) 21
14 Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) 21
15 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður (alls) á föstu verðlagi 21
16 Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi) 21
17 Lífeyrisbyrði 21
18 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) sem hlutfall af iðgjöldum 21
19 Hreinar fjárfestingatekjur sem hlutfall af meðalstöðu eigna 21
20 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af meðalstöðu eigna 21

# Inngangur

Með vísan í VIII. kafla laga 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, er farið fram á að allir lífeyrissjóðir sendi upplýsingar um ársreikninga sína til Fjármálaeftirlitsins einnig á tölvutæku formi.

Senda ber sérgreindar upplýsingar um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning og sjóðstreymi í sérstökum kafla fyrir hverja fjárfestingaleið.

Útbúið hefur verið XML skema sem innsend gögn á XML formi verða að passa við (validate).

## Ársreikningur lífeyrissjóðs

Öll innsend gögn þurfa að falla undir eftirfarandi XML skema gagnamódel.

Ein lína er send inn fyrir hvern dálk í ársreikningi.

Textinn í neðangreindu skjali vísar til reglna um ársreikninga 335/2015 að undanskildum lið 2.6 í Lífeyri og liðum 21 til 26 í Kennitölum.

# 1

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

## 1 Iðgjöld, 8. gr. reglnanna

### 1.1 Iðgjöld sjóðfélaga

Type: xs:decimal

Iðgjöld frá sjóðfélögum.

### 1.2 Iðgjöld launagreiðenda

Type: xs:decimal

Iðgjöld frá launagreiðendum.

### 1.3 Réttindaflutningur og endurgreiðslur

Type: xs:decimal

Samtala fjárhæða sem greiddar hafa verið eða mótteknar vegna réttindaflutnings eða endurgreiðslu á iðgjöldum. Verðbætur tekjur/gjöld af réttindaflutningi færast einnig hér undir.

### 1.4 Sérstök aukaframlög

Type: xs:decimal

Sérstök viðbótariðgjöld launagreiðenda eða ábyrgðaraðila eða sérstök framlög frá öðrum aðilum, sem líta má á sem viðbótariðgjöld, eins og árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða í samræmi við VI. kafla laga um tryggingagjald, 113/1990.

Þegar um séreignardeildir er að ræða skal þó færa viðbótariðgjöld undir tekjuliði 1.1 og 1.2

## 2 Lífeyrir, 9. gr. reglnanna

### 2.1 Heildarfjárhæð lífeyris

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris á reikningsárinu til lífeyrisþega.

### 2.2 Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs

Type: xs:decimal

Lögbundið gjald til starfsendurhæfingarsjóðs.

### 2.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

Type: xs:decimal

Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris, svo sem vegna örorkumats og endurhæfingar.

### 2.4 Tryggingarkostnaður

Type: xs:decimal

Kostnaður við kaup á tryggingu vegna áhættudreifingar á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins.

### 2.5 Eftirlaun frá Tryggingastofnun

Type: xs:decimal

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna eftirlauna.

### 2.6 Útgreiðsla séreignarsparnaðar inná lán

Type: xs:decimal

Fjárhæð útgreiðslu séreignarsparnaðar inná höfuðstól lána.

Ef einhverjar útgreiðslur áttu sér stað vegna séreignasparnaðar inná fasteignalán hjá sjóðnum þá ber að færa þær hér undir.

## 3 Hreinar fjárfestingartekjur, 10.gr. reglnanna

### 3.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Type: xs:decimal

Tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga öðrum en þeim sem tilgreina skal undir lið 3.7, fjárfestingargjöld.

Til tekna teljast arðgreiðslur af skráðum og óskráðum hlutabréfum félaga og fagfjárfestasjóða, hagnaður af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði félaga og sjóða um sameiginlega fjárfestingu til hækkunar og hliðstæðar tekjur.

Til gjalda samkvæmt lið 3.1 telst tap af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði þeirra til lækkunar svo og hliðstæð gjöld.

### 3.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum

Type: xs:decimal

Tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga öðrum en þeim sem tilgreina skal undir lið 3.7, fjárfestingargjöld.

Til tekna teljast vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa til hækkunar og hliðstæðar tekjur.

Til gjalda teljast tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa til lækkunar að meðtalinni varúðarniðurfærslu vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi svo og hliðstæð gjöld.

### 3.3 Hreinar tekjur af afleiðusamningum

Type: xs:decimal

Tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í afleiðusamningum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga önnur en þau sem tilgreina skal undir lið 3.7, fjárfestingargjöld.

### 3.4 Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum

Type: xs:decimal

Vaxtatekjur vegna bankainnstæðna sem bundnar eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

### 3.5 Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði

Type: xs:decimal

Tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í íbúðarhúsnæði á grundvelli 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 129/1997, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga öðrum en þeim sem tilgreina skal undir lið 3.7, fjárfestingargjöld.

### 3.6 Aðrar fjárfestingartekjur

Type: xs:decimal

Aðrar fjárfestingartekjur en þær sem koma fram í liðum 3.1 til 3.5 sundurliðað samkvæmt liðum 3.6.1 til 3.6.3.

#### 3.6.1 Vaxtatekjur af handbæru fé

Type: xs:decimal

Vaxtatekjur af sjóði og óbundnum innstæðum hjá bönkum og sparisjóðum, að frádregnum vaxtagjöldum.

#### 3.6.2 Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum

Type: xs:decimal

Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum, að frádregnum vaxtagjöldum.

#### 3.6.3 Ýmsar fjárfestingartekjur

Type: xs:decimal

Fjárfestingartekjur sem ekki falla undir liði 3.1 – 3.5, 3.6.1 og 3.6.2. Undir þennan lið geta m.a. fallið tekjur af eignalið 1.6 Aðrar fjárfestingar.

### 3.7 Fjárfestingargjöld

Type: xs:decimal

Öll fjárfestingargjöld og allar þóknanir fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs. Undir þennan lið skal einnig færa fjárfestingargjöld sem ekki falla undir liði 3.1 – 3.5, m.a. gjöld vegna eignaliðar 1.6 Aðrar fjárfestingar.

## 4 Rekstrarkostnaður, 11. gr. reglnanna

### 4.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Type: xs:decimal

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þ.m.t. kostnaður við rekstur fasteigna og afskriftir vegna varanlegra rekstrar-fjármuna. Frá skrifstofu- og stjórnunarkostnaði skal draga endurgreiddan kostnað vegna aðila sem standa að lífeyrissjóðnum, svo sem vegna innheimtu iðgjalda stéttarfélags.

## 5 Aðrar tekjur, 12. gr. reglnanna

### 5.1 Aðrar tekjur

Type: xs:decimal

Tekjur sem ekki eru taldar annars staðar.

## 6 Önnur gjöld, 13. gr. reglnanna

### 6.1 Önnur gjöld

Type: xs:decimal

Gjöld sem ekki eru talin annars staðar, s.s. virðisrýrnun krafna sbr. 31. gr. reglna 335/2015.

# 2

# Efnahagsreikningur

## 1 Fjárfestingar 14. gr. reglnanna

### 1.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Type: xs:decimal

Hlutabréf og hlutdeildarskírteini.

### 1.2 Skuldabréf

Type: xs:decimal

Skuldabréf. Útlán, þ.m.t. áfallnir vextir, sem veitt eru gegn veði í fasteign og lausafé sem tryggingu fyrir greiðslu.

### 1.3 Afleiðusamningar

Type: xs:decimal

Afleiðusamningar sem eru í jákvæðri stöðu.

### 1.4 Bundnar bankainnstæður

Type: xs:decimal

Innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

### 1.5 Fjárfesting í íbúðarhúsnæði

Type: xs:decimal

Fjárfestingar lífeyrissjóðs í íbúðarhúsnæði.

### 1.6 Aðrar fjárfestingar

Type: xs:decimal

Fjárfestingar sem ekki falla undir liði 1.1 – 1.5. Hér skal færa húseignir og lóðir sem teknar eru til fullnustu greiðslu.

## 2 Kröfur, 15. gr. reglnanna

### 2.1 Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög.

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög sem ekki falla undir lið 2.2.

### 2.2 Kröfur á launagreiðendur

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð krafna á launagreiðendur svo sem iðgjaldakröfur, endurkröfur, verðbréf og kröfur vegna samninga um greiðslur. Verðbréf og samninga til lengri tíma skal færa undir viðeigandi liði fjárfestinga.

### 2.3 Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur

Type: xs:decimal

Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari ár, og tekjur sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess. Áunna vexti skal þó færa með viðeigandi eignarliðum.

### 2.4 Aðrar kröfur

Type: xs:decimal

Kröfur sem ekki falla undir aðra liði.

## 3 Ýmsar eignir, 16. gr. reglnanna

### 3.1 Óefnislegar eignir

Type: xs:decimal

Að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna er varða framtíðarmöguleika til tekjuöflunar, skal telja til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi.

### 3.2 Varanlegir rekstrarfjármunir

Type: xs:decimal

Rekstrarfjármunir og efnislegar eignir svo sem húseignir og lóðir til eigin nota, innréttingar, áhöld og búnaður og fyrirframgreiðslur vegna þeirra.

### 3.3 Aðrar eignir

Type: xs:decimal

Eignir sem notaðar eru í rekstri sjóðsins en falla ekki undir liði 3.1 og 3.2.

## 4 Handbært fé, 17. gr. reglnanna

Type: xs:decimal

Sjóður og innstæður hjá bönkum og sparisjóðum sem ekki falla undir Bundnar bankainnstæður.

## 5 Skuldir, 18.gr. reglnanna

### 5.1 Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélög

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð skulda, þ.m.t. áfallnir vextir, við dóttur- og hlutdeildarfélög.

### 5.2 Skuldir við lánastofnanir

Type: xs:decimal

Skuldir sjóðsins aðrar en afleiðuskuldir, þ.m.t. áfallnir vexti, við lánastofnanir.

### 5.3 Afleiðuskuldir

Type: xs:decimal

Afleiðusamningar sem eru í neikvæðri stöðu.

### 5.4 Ógreiddur gjaldfallinn lífeyrir

Type: xs:decimal

Ógreiddur gjaldfallinn lífeyrir í árslok.

### 5.5 Áfallin kostnaður og fyrirframgreiddar tekjur

Type: xs:decimal

Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar og tekjur sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár og falla ekki undir aðra liði. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi skuldaliðum.

### 5.6 Aðrar skuldir

Type: xs:decimal

Skuldir sem ekki falla undir aðra liði.

## 6 Skuldbindingar utan efnahags, 19. gr. reglnanna

Type: xs:decimal

Aðrar skuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikning sbr. 45. gr.

# 3

# Sjóðstreymi

## 1 Inngreiðslur, 21. gr. reglnanna

### 1.1 Igjöld

Type: xs:decimal

Iðgjöld samkvæmt lið 1 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 1.2 Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum

Type: xs:decimal

Vaxtatekjur af handbæru fé skv. lið 3.6.1 og lið 3.6.2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 1.3 Aðrar inngreiðslur

Type: xs:decimal

Allar aðrar innborganir sem stafa frá einstökum liðum á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi og koma ekki fram í Fjárfestingarhreyfingum.

## 2 Útgreiðslur, 22. gr. reglnanna

### 2.1 Lífeyrir

Type: xs:decimal

Lífeyrir samkvæmt lið 2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 2.2 Rekstrarkostnaður

Type: xs:decimal

Rekstrarkostnaður skv. lið 4 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 2.3 Fjárfesting í rekstrarfjármunum

Type: xs:decimal

Fjárfestingar skv. lið 3.2 í efnahagsreikningi.

### 2.4 Aðrar útgreiðslur

Type: xs:decimal

Allar aðrar útborganir sem stafa frá einstökum liðum á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi og koma ekki fram í liðnum Fjárfestingarhreyfingar.

## 3 Fjárfestingarhreyfingar, 23. gr. reglnanna

### 3.1 Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá eignarhlutum í félögum og sjóðum skv. lið 3.1 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 3.2 Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum

Type: xs:decimal

Útgreiðslur sem stafa frá eignarhlutum í félögum og sjóðum skv. lið 1.1 í efnahagsreikningi.

### 3.3 Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá eignarhlutum í félögum og sjóðum skv. lið 1.1 í efnahagsreikningi.

### 3.4 Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá skuldabréfum lið 3.2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 3.5 Keypt skuldabréf

Type: xs:decimal

Útgreiðslur sem stafa frá keyptum skuldabréfum skv. lið 1.2 í efnahagsreikningi.

### 3.6 Seld skuldabréf

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá sölu skuldabréfa skv. lið 1.2 í efnahagsreikningi og tekjur af fjárfestingum í skuldabréfum skv. lið 3.2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 3.7 Uppgjör afleiðusamninga

Type: xs:decimal

Inn- og útgreiðslur sem stafa frá uppgjöri afleiðusamninga, sbr. liði 1.3 og 5.3 í efnahagsreikningi og lið 3.3 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 3.8 Ný bundin innlán

Type: xs:decimal

Inn- og útgreiðslur sem stafa frá breytingum á lið 1.4 í efnahagsreikningi, sundurgreint eftir nýjum bundnum innlánum og endurgreiddum bundnum innlánum.

### 3.9 Endurgreidd bundin innlán

Type: xs:decimal

Útgreiðslur sem stafa frá breytingum á lið 1.4 í efnahagsreikningi, sundurgreint eftir endurgreiddum bundnum innlánum.

### 3.10 Keypt íbúðarhúsnæði

Type: xs:decimal

Útgreiðslur sem stafa frá lið 1.5 í efnahagsreikningi og lið 3.5 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurgreint eftir kaupum í íbúðarhúsnæði.

### 3.11 Selt íbúðarhúsnæði

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá lið 1.5 í efnahagsreikningi og lið 3.5 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurgreint eftir sölu íbúðarhúsnæðis.

### 3.12 Innborgaðar tekjur vegna reksturs íbúðarhúsnæðis

Type: xs:decimal

Innborgaðar tekjur vegna reksturs íbúðarhúsnæðis, hvort sem þær stafa af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði eða vegna fullnustueigna, sbr. lið 1.6 í efnahagsreikningi.

### 3.13 Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis

Type: xs:decimal

Greidd gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnæðis, hvort sem þau stafa af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði eða vegna fullnustueigna, sbr. lið 1.6 í efnahagsreikningi.

### 3.14 Keyptar aðrar fjárfestingar

Type: xs:decimal

Útgreiðslur sem stafa frá keyptum fjárfestingum, öðrum en þeim sem falla undir liði 3.1 – 3.13.

### 3.15 Seldar aðrar fjárfestingar

Type: xs:decimal

Inngreiðslur sem stafa frá seldum fjárfestingum, öðrum en þeim sem falla undir liði 3.1 – 3.13.

# 4

# Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu

## 1 Eignir

### 1.1 Áfallin staða

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga.

### 1.2 Hrein eign til greiðslu lífeyris

Type: xs:decimal

Staða hreinnar eignar til greiðslu lífeyris í árslok.

### 1.3 Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa

Type: xs:decimal

Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.

### 1.4 Núvirði framtíðariðgjalda

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðariðgjalda.

## 2 Skuldbindingar

### 2.1 Ellilífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga.

### 2.2 Örorkulífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga.

### 2.3 Makalífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga.

### 2.4 Barnalífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga.

### 2.5 Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar

Type: xs:decimal

Framtíðarrekstrarkostnaður sjóðsins núvirtur.

### 2.6 Eignir umfram skuldbindingar

Type: xs:decimal

Eignir sjóðs að frádregnum skuldbindingum.

### 2.7 Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok

Type: xs:decimal

Hlutfall eigna sjóðs að frádregnum skuldbindingum sem hlutfall af skuldbindingum í árslok.

### 2.8 Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun

Type: xs:decimal

Hlutfall eigna sjóðs að frádregnum skuldbindingum sem hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun.

## 3 Eignir

### 3.1 Framtíðarskuldbinding

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðariðgjalda.

### 3.2 Hrein eign til greiðslu lífeyris

Type: xs:decimal

Hrein eign til greiðslu lífeyris.

### 3.3 Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa

Type: xs:decimal

Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.

### 3.4 Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar

Type: xs:decimal

Framtíðarfjárfestingarkostnaður sjóðsins núvirtur.

### 3.5 Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar

Type: xs:decimal

Framtíðarrekstrarkostnaður sjóðsins núvirtur.

### 3.6 Núvirði framtíðariðgjalda

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðariðgjalda.

## 4 Skuldbindingar

### 4.1 Ellilífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðarskuldbindinga m.v. áætluð framtíðariðgjöld.

### 4.2 Örorkulífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðarskuldbindinga m.v. áætluð framtíðariðgjöld.

### 4.3 Makalífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðarskuldbindinga m.v. áætluð framtíðariðgjöld.

### 4.4 Barnalífeyrir

Type: xs:decimal

Tryggingafræðilegt virði framtíðarskuldbindinga m.v. áætluð framtíðariðgjöld.

### 4.5 Eignir umfram skuldbindingar

Type: xs:decimal

Eignir sjóðs að frádregnum skuldbindingum.

### 4.6 Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok

Type: xs:decimal

Hlutfall eigna sjóðs að frádregnum skuldbindingum sem hlutfall af skuldbindingum í árslok.

### 4.7 Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun

Type: xs:decimal

Hlutfall eigna sjóðs að frádregnum skuldbindingum sem hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun.

### 4.8 Heildarstaða

Type: xs:decimal

Samanlögð áfallin staða og framtíðarstaða.

# 5

# Kennitölur, 49 gr. reglnanna

## 1 Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar

Type: xs:decimal

### 1.1 Hlutfall hreinnar eignar umfram heildarskuldbindingar.

Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris, ásamt núvirði framtíðariðgjalda umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum.

### 1.2 Hlutfall hreinnar eignar umfram áfallnar skuldbindingar.

Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris umfram áfallnar skuldbindingar í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum.

## 2 Hrein raunávöxtun

Type: xs:decimal

Hrein raunávöxtun m.v. vísitölu neysluverðs.

## 3 Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára

Type: xs:decimal

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára samkvæmt ársreikningnum.

## 4 Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára

Type: xs:decimal

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára samkvæmt ársreikningnum.

## 5 Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

### 5.1 Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum (%)

Type: xs:decimal

Vægi skráðra eignahluta í félögum og sjóðum af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.2 Skráð skuldabréf (%)

Type: xs:decimal

Vægi skráðra skuldabréfa af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.3 Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum (%)

Type: xs:decimal

Vægi óskráðra eignahluta í félögum og sjóðum af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.4 Óskráð skuldabréf (%)

Type: xs:decimal

Vægi óskráðra skuldabréfa af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.5 Afleiðusamningar (%)

Type: xs:decimal

Vægi afleiðusamninga af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.6 Bundnar bankainnstæður (%)

Type: xs:decimal

Vægi bundinna bankainnstæðna af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.7 Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði (%)

Type: xs:decimal

Vægi fjárfestinga í íbúðarhúsnæði af heildarfjárhæð fjárfestinga.

### 5.8 Aðrar fjárfestingar

Type: xs:decimal

Vægi annarra fjárfestinga af heildarfjárhæð fjárfestinga. Heildarfjárhæð fjárfestinga skv. lið 1 í efnahagsreikningi.

## 6 Eignir

### 6.1 Eignir í íslenskum krónum (%)

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð fjárfestinga skv. lið 1 í efnahagsreikningi eftir íslenskum krónum.

### 6.2 Eignir í erlendum gjaldmiðlum (%)

Type: xs:decimal

Heildarfjárhæð fjárfestinga skv. lið 1 í efnahagsreikningi eftir erlendum gjaldmiðlum.

## 7 Fjöldi virkra sjóðfélaga

Type: xs:decimal

Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddu iðgjald á reikningsárinu.

## 8 Fjöldi sjóðfélaga í árslok

Type: xs:decimal

Heildarfjöldi sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum í árslok.

## 9 Fjöldi lífeyrisþega

Type: xs:decimal

Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.

## 10 Lífeyrir

### 10.1 Ellilífeyrir (%)

Type: xs:decimal

Hlutfall ellilífeyris af heildarfjárhæð lífeyris samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 10.2 Örorkulífeyrir (%)

Type: xs:decimal

Hlutfall örorkulífeyris af heildarfjárhæð lífeyris samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### 10.3 Makalífeyrir (%)

Type: xs:decimal

Hlutfall makalífeyris af heildarfjárhæð lífeyris samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

10.4 Barnalífeyrir (%)

Type: xs:decimal

Hlutfall barnalífeyris af heildarfjárhæð lífeyris samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

## 11 Stöðugildi

Type: xs:decimal

Meðalfjöldi stöðugilda hjá sjóðnum á reikningsskilaárinu.

## 12 Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)

Type: xs:decimal

Við útreikning á föstu verðlagi skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörsdegi.

## 13 Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)

Type: xs:decimal

Við útreikning á föstu verðlagi skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörsdegi.

## 14 Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi)

Type: xs:decimal

Við útreikning á föstu verðlagi skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörsdegi.

## 15 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður (alls) á föstu verðlagi

Type: xs:decimal

Við útreikning á föstu verðlagi skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörsdegi.

## 16 Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)

Type: xs:decimal

Við útreikning á föstu verðlagi skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörsdegi.

## 17 Lífeyrisbyrði

Type: xs:decimal

Hlutfall lífeyris og iðgjaldatekna.

## 18 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) sem hlutfall af iðgjöldum

Type: xs:decimal

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sbr. lið 4.1 sem hlufall af iðgjöldum.

## 19 Hreinar fjárfestingatekjur sem hlutfall af meðalstöðu eigna

Type: xs:decimal

Hreinar fjárfestingatekjur sbr. lið 3, í 10. gr. sem hlutfall af meðalstöðu eigna.

## 20 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af meðalstöðu eigna

Type: xs:decimal

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna.